

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2016, mánudaginn 25. janúar kl. 15:30, var haldinn 137. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Björn Birgir Þorláksson (varam. Kristínar Elfu Guðnadóttur), Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnafulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Eyrún Magnúsdóttir frá Ungmennaráði Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar á PLH sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru: Ómar Einarsson og Lilja Grétarsdóttir

Þetta gerðist:

- 1) Rætt um íþróttaaðstöðu í Laugardal. Ómar Einarsson frá ÍTR fer yfir stöðu mála með ráðinu. Í lok umræðunnar kom fram að ÍTR muni senda framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvarinnar lykiltölur um þátttöku í íþróttum í Laugardal.

Gestur fundarins undir þessum lið er Ómar Einarsson.

- kl. 16:20 Ómar Einarsson vísar af fundi
- kl. 16:20 Sigurður Þórðarson vísar af fundi
- kl. 16:20 Lilja Grétarsdóttir mætir á fundinn sem gestur undir 2. lið

- 2) Lagt fram bréf frá USK dags. 19. janúar 2016 er varðar breytingu á deiliskipulagi Sigtúnsreits vegna lóðarinnar nr. 7 við Engjateig þar sem fyrirhugað er að breyta byggingunni og starfsemi á lóð hennar þannig að bandaríska sendiráðið verði þar til húsa.

Gestur fundarins undir þessum lið er Lilja Grétarsdóttir

- kl. 17:05 Björn Birgir Þorláksson vísar af fundi
- kl. 17:10 Lilja Grétarsdóttir vísar af fundi

Hverfisráð samþykkir eftirfarandi bókun:

Hverfisráð mælist til þess að tekið verði tillit til athugasemda sem mögulega koma frá nágrönnum. Einnig að reynt verði að milda ásýnd lóðarinnar með gróðri.

- 3) Sigtryggur Jónsson kynnir reglur um úthlutun styrkja á vegum hverfisráða sem samþykktar voru í velferðarráði 17. desember 2009.

Hverfisráð samþykkir eftirfarandi tilmæli til velferðarráðs.

Mikilvægt er að útgefnar reglur um úthlutun styrkja úr hverfissjóði verði uppfærðar og endurskoðaðar.

- 4) Heiðar Ingi Svansson formaður fer yfir starfið framundan. Samþykkt að óska eftir því að Stefán Agnar Finnsson á USK komi á næsta fund ráðsins til að ræða umferðaröryggismál í hverfinu. Einnig að fá á næstunni fulltrúa frá Rannsókn og greiningu til að kynna niðurstöður

könnunarinnar Ungt fólk 2015 fyrir ráðinu. Umræður um íbúafund og fleira er varðar stefnumótun hverfisráða.

- kl. 17:44 Eyrún Magnúsdóttir vîkur af fundi

Fundi slitið kl. 18:10

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)

Björn Birgir Þorláksson (Sign)

Bjarni Jónsson (Sign)

Elín Engilbertsdóttir (Sign)